

Nr. 11/1994. Miðvikudaginn 11. maí 1994.
Ákærvaldið
 (Björn Helgason saksóknari)
 gegn
Stefáni Jóhannessyni
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Rangar sakargiftir. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ákærði skaut málinu til Hæstaréttar, og af ákærvaldsins hálfu var því áfrýjað í heild með stefnu 20. desember 1993 til þyngingar á refsingu.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 22. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 390/1993: Ákærvaldið gegn Stefáni Jóhannessyni, sem tekið var til dóms hinn 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. júlí 1993, á hendur Stefáni Jóhannessyni, Jórufelli 8, Reykjavík, fæddum 14. febrúar 1969, fæðingarnúmer 360, „fyrir eftirtalin brot:

I.

Fyrir umferðarlagabrot með því að aka undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti ævilangt eftirtöldum bifreiðum sem hér greinir:

1) aðfaranótt sunnudagsins 11. ágúst 1991 bifreiðinni R-29434 um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði akstur hans í Austurbergi,

2) aðfaranótt miðvikudagsins 13. nóvember 1991 bifreiðinni Y-7171 um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði akstur hans á mótum Stórhöfða og Breiðhöfða,

3) aðfaranótt laugardagsins 28. nóvember 1992 bifreiðinni R-36086 um götur í Hafnarfirði, uns lögregla stöðvaði akstur hans í Suðurhvammi,

4) aðfaranótt sunnudagsins 29. nóvember 1992 bifreiðinni R-36086 um götur í Reykjavík og inn á Kleppsveg, en þar hafði lögregla afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

II.

Fyrir rangar sakargiftir með því að hafa, er lögregla stöðvaði akstur hans vegna ofangreindra umferðarlagabrota samkvæmt liðum 3 og 4, gefið upp nafn bróður síns Bjarna Jóhannessonar, fædds 4. mars 1971, undirritað með því nafni varðstjóraskýrslur vegna þeirra brota og með því leitast við að koma því til leiðar að Bjarni yrði sakaður um brotin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fyrir skjala- og umferðarlagabrot með því að hafa í lok marsmánaðar 1993 í heimildarleysi fest skráningarmerkin SE-505 á óskráða bifreið af Lancer-gerð, er hann hafði til umráða, og að kvöldi fimmtudagsins 25. þess mánaðar ekið bifreiðinni þannig búinni undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti ævilangt frá Kópavogi að Torfufelli 33 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 147. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga“.

Málavextir.

I.

Með afdráttarlausum játningum ákærða, niðurstöðum alkóhólrannsóknna og öðrum gögnum, er varða I. kafla ákæru, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og réttilega er heimfærð til refsíákvæða.

Í öllum fjórum tilvikunum var ákærða tekið blóð til ákvörðunar á vín-andamagni í blóði. Reyndist magn vínanda í blóði ákærða sem hér segir: Samkvæmt lið 1) 1,77%, lið 2) 2,08%, lið 3) 2,56% og lið 4) 2,77%.

II.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að þegar lög-reglan hafði afskipti af honum vegna mála þeirra, er um getur í lið 3) og 4) í I. kafla ákæru, hafi hann gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson. Jafnframt hafi hann undirritað með því nafni varðstjóraskýrslur vegna þeirra mála. Ákærði kvaðst ekki viss um hvort hann hafi gefið lögreglu upp þau heimilisföng sem um getur í varðstjóraskýrslum. Tilgangur hans með því að gefa upp framangreint nafn hafi verið að vinna sér frest, því að hann hafi vitað, að lögregla væri að leita hans út af því, að hann hafi átt að fara í úttekt refsivistar vegna dóms frá 9. janúar 1992. Hafi þetta verið fyrsta nafnið, sem komið hafi upp í huga sinn.

Vitnið Bjarni Jóhannesson, kt. 040371-5089, sem er bróðir ákærða, skýrði svo frá, að dagana 16. og 18. janúar sl. hefði hann mætt hjá rannsóknarlög-reglunni í Hafnarfirði til skýrslugjafar. Hefði hann í bæði skiptin verið sakaður um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Kvaðst vitnið hafa neitað sakargiftum, enda ekki kannast við að hafa átt þar hlut að máli. Staðfesti vitnið, að skýrslur þær, sem teknar voru af honum hjá lögreglu, væru réttar, og kannaðist við nafngiftir sínar undir þær.

Vitnið Margeir Sveinsson lögregluþjónn kvaðst hafa verið annar þeirra lögreglumanna, sem stöðvað hefðu akstur bifreiðarinnar R-36086 aðfaranótt laugardagsins 28. nóvember 1992. Ökumaður bifreiðarinnar hafi verið færður á lögreglustöðina í Hafnarfirði þar sem hann hafi verið færður fyrir varðstjóra, sem spurt hafi ökumanninn til nafns að vitninu viðstöddu. Hafi hann gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson, einnig heimilisfang og kennitölu. Ökumaður hafi engin skilríki haft meðferðis, en ekki hafi þó verið tekin af honum ljósmynd á lögreglustöðinni, svo sem venja sé, þegar svo standi á sem í þessu tilviki.

Vitnið Hjálmar Kristjánsson lögregluþjónn skýrði svo frá, að hann hefði unnið að framangreindu máli ásamt vitninu Margeiri Sveinssyni. Hafi þeir stöðvað akstur bifreiðarinnar, haft tal af ökumanni og fært hann á lögreglustöð fyrir varðstjóra. Kvaðst vitnið ekki muna eftir varðstjóraskýrslutökunni sem slíkri, en taldi hana hafa farið fram með venjubundnum hætti. Staðfesti vitnið nafnritun sína á skýrslunni.

Vitnið Guðlaugur Gíslason lögregluvarðstjóri skýrði svo frá að greint sinn hefðu tveir lögreglumenn af vakt vitnisins, þ.e. C-vaktinni, komið með mann á lögreglustöðina, grunaðan um ölvunarakstur. Kvaðst vitnið hafa

tekið varðstjóraskýrslu af hinum grunaða. Við yfirheyrsluna hafi maðurinn gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson og fyrri hluta kennitölu, en seinni hluta hennar hafi hann ekki munað. Því hafi kennitala mannsins verið athuguð í tölvu. Minnti vitnið, að hinn grunaði hefði einnig gefið upp heimilisfang í götunni Suðurhvammi í Hafnarfirði. Þar sem tveir lögreglumenn af A-vakt hafi verið staddir á lögreglustöðinni greint sinn og staðfest að maðurinn hétí Bjarni Jóhannesson, hafi ekki verið talin þörf á að taka ljósmynd af honum eins og jafnan sé þó gert, þegar grunaðir menn eru án skilríkja, en svo hafi verið í þessu tilviki. Ástæða þess, að lögreglumenn af A-vakt hafi staðfest að hinn grunaði hétí framangreindu nafni, hafi verið sú, að nokkru áður hafi þessi sami maður verið staðinn að rúðbroti eða innbroti í Hafnarfirði og þá hafi hann gefið upp þetta sama nafn, en A-vaktin hafi haft það mál til meðferðar.

Vitnið Guðni Heiðar Guðnason lögregluþjónn skýrði svo frá að hann hefði unnið að máli því, sem um getur í 4. lið I. kafla ákæru. Kvaðst vitnið ásamt öðrum lögreglumanni hafa haft afskipti af ökumanni bifreiðarinnar R-36086 aðfaranótt 29. nóvember 1992. Haft hafi verið tal af honum á vettvangi, en ekki kvaðst vitnið muna, hvort ökumaðurinn hefði verið beðinn að segja til nafns áður en komið var á lögreglustöðina. Þegar þangað var komið hafi ökumaðurinn verið færður fyrir varðstjóra til yfirheyrslu. Kvaðst vitnið hafa verið viðstaddur skýrslutöku varðstjórans að einhverjum hluta. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ökumaðurinn hefði haft skilríki meðferðis, en hann hefði gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson hjá varðstjóra. Þá kvaðst vitnið hafa tekið ljósmynd af ökumanninum og ritað á myndina framangreint nafn.

Vitnið Jón Otti Gíslason aðstoðarvarðstjóri kvaðst ekki muna sérstaklega eftir atviki þessu. Er vitninu var sýnd varðstjóraskýrslan kvað vitnið það rifjast upp fyrir sér að eitthvað hefði verið á reiki varðandi heimilisfang ökumannsins. Hafi hann athugað eða látið athuga þetta í þjóðskrá og í framhaldi af því skráð heimilisfangið Vallarás 1. Staðfesti vitnið að efni varðstjóraskýrslunnar væri rétt og kannaðist við nafnritun sína undir hana.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið hefur ákærði viðurkennt að hafa gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson hjá lögreglu vegna þeirra umferðarlagabrota er um getur í liðum 3) og 4) í I. kafla ákæru. Þykir í ljós leitt að þetta hafi hann gert þegar hann gaf skýrslur sínar hjá framangreindum varðstjórum. Fær framburður ákærða stoð í framburði þeirra vitna sem komið hafa fyrir dóminn vegna þessa kafla ákæru. Þá hefur vitnið Bjarni Jóhannesson komið fyrir dóminn og staðfest að hann hafi hjá lögreglu verið sakaður um bæði

brotin. Telur dómurinn með vísan til framanritaðs sannað, að með því að gefa lögreglu upp nafnið Bjarni Jóhannesson og rita undir varðstjóráskýrslurnar með því nafni hafi hann verið að skírskota til bróður síns, sem ber þetta nafn, og þar með hafi hann komið því til leiðar, að framangreindur bróðir hans var sakaður um brotin. Samkvæmt framansögðu telur dómurinn ekki varhugavert að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum kafla ákæru, en með henni hefur ákærði brotið gegn og unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fimmtudaginn 25. mars sl. laust eftir kl. 19 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að ölvaður ökumaður væri að aka um á bifreiðastæðinu framan við húsin nr. 33 og 35 við Torfufell hér í borg. Var bifreiðin sögð vera skutbifreið af gerðinni MMC-Lancer, hvít að lit, og bera skráningarnúmerin SE-505. Fóru tveir lögreglumenn, sem voru staddir skammt frá á vettvangi. Er þeir komu þangað sat ákærði í máli þessu undir stýri bifreiðarinnar. Bifreiðin var ekki í gangi, en vélarhlíf hennar mjög heit viðkomu. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ákærða neitaði hann að hafa ekið bifreiðinni. Var ákærði færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 20.30. Reyndist það innihalda 2,74% alkóhóls. Var ákærði því næst færður á lögreglustöðina á ný og þar í fangaeymslu.

Morguninn eftir var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Viðurkenndi hann þá akstur framangreindrar bifreiðar undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá Kópavogi að Torfufelli 33. Jafnframt viðurkenndi hann að hafa sett skráningarnúmerin SE-505 á bifreiðina nokkrum dögum áður. Hefði enginn vitað af því, og tæki hann á sig alla ábyrgð vegna þessa.

Við þingfestingu málsins kvaðst ákærði ekki vera viss um, hvort hann hefði fest skráningarmerki þau, sem um getur í ákæru, á bifreið þá, sem þar greinir. Þá gæti hann ekki kannast við að hafa ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Kópavogi að Torfufelli 33 í Reykjavík. Hann hafi að vísu verið undir áhrifum áfengis umræddan dag, en honum hafi verið tjáð að bifreiðin hafi verið dregin frá Kópavogi að Torfufelli 33. Kvaðst hann ekki vita, hver setið hefði undir stýri bifreiðarinnar meðan hún var dregin.

Er ákærða var kynnt lögregluskýrsla sú sem hann gaf við lögreglurann-

sókn málsins kvað hann efni hennar að stórum hluta rangt og að mikið væri fyllt upp í eyður af hálfu yfirheyra. Nafnrítun sína undir skýrsluna kannaðist hann hins vegar við.

Í dómskýrslu, sem ákærði gaf við aðalmeðferð málsins, kvað hann hátt-semi sinni ekki rétt lýst í ákæruskjali. Kvað hann þá hafa verið þrjá eða fjóra sem hafi verið að vinna við að setja bifreiðina saman og vel gæti verið að númerin hefðu hreinlega verið sett á áður nefnda bifreið fyrir misgáning. Umrædd bifreið, sem hafi verið í óökuhæfu ástandi, hafi verið búin að standa fyrir utan skúr við Borgarholtsbraut í Kópavogi u.þ.b. 3 vikur og fólk í nágrenninu hafi verið búin að kvarta undan bifreiðinni.

Vitnið Kristinn Pedersen lögregluvarðstjóri var annar þeirra lögreglumanna sem höfðu afskipti af ákærða á bifreiðastæðinu við Torfufell 33. Skýrði vitnið svo frá, að umræddan dag hefði hann ásamt Hálfadáni Daðasyni lögreglumanni fengið skilaboð um stjórnstöð um að fara upp í Torfufell, en tilkynnt hefði verið, að þangað hefði komið akandi bifreið af gerðinni Mitsubishi, hvít að lit, og grunur léki á að ökumaður hennar væri ölvadur. Þegar þeir komu á staðinn, hefðu þeir séð bifreið, sem framangreind lýsing átti við, standa í bifreiðastæðinu og maður setið undir stýri hennar. Vél bifreiðarinnar hefði ekki verið í gangi, þegar þeir komu að. Er þeir höfðu tal af manninum, hefði hann virst talsvert ölvadur. Vitnið hafi kannad vél bifreiðarinnar og hafi hún reynst svo heit viðkomu að hann hafi rétt getað komið við hana. Meðan þeir voru á vettvangi hafi kona komið út úr einum stigaganginum og gefið sig á tal við þá. Hafi hún greint þeim frá því að framangreindur maður væri sambýlismaður sinn og hefði hann komið akandi í bifreiðinni að húsinu skömmu áður og hún verið farþegi í henni. Þeir hafi fært manninn undan stýri og í lögreglubifreiðina, haft samband við stjórnstöð og gefið upp númer umræddrar bifreiðar. Hafi þeir fengið upplýst að það númer ætti ekki við þá bifreið. Þeir hafi fært manninn á lögreglustöð til yfirheyrslu og bifreiðin verið flutt þangað með kranabifreið. Loks staðfesti vitnið að frumskýrsla málsins væri rétt.

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögregluumaður tók framangreinda framburðarskýrslu af ákærða. Kvaðst vitnið hafa yfirheyrt ákærða í vinnuherbergi sínu en enginn vottur verið viðstaddur yfirheyrsluna sem slíka. Að skýrslutöku lokinni kvaðst vitnið hafa kallað til vott. Eftir að votturinn, sem vitnið mundi ekki hver var, var kominn inn í herbergi vitnisins hafi ákærði undirritað skýrsluna og eftir það votturinn og hann sjálfur. Hafi ákærði skýrt sjálfstætt frá atvikum málsins og framburður hans verið mjög greinargóður. Kvaðst vitnið hvorki kannast við að hafa spurt ákærða leiðandi spurninga né að hafa fyllt upp í eyður við skýrslatökuna. Staðfesti vitnið skýrslu sína sem rétta og kannaðist við nafnrítun sína undir hana.

Vitnið Júlíus Jens Ármann rannsóknarlögreglumaður skýrði svo frá, að hann hefði verið vottur að undirskrift ákærða á framburðarskýrslu, sem ákærði gaf varðandi mál þetta hinn 26. mars sl. hjá Rúnari Sigurðssyni rannsóknarlögreglumanni. Kvað vitnið Rúnar hafa kallað sig inn í vinnuherbergi hans, þegar hann var búinn að taka framburðarskýrslu af ákærða. Hafi ákærði fyrst ritað undir skýrsluna, en eftir það hafi vitnið vottað hana með undirskrift sinni. Staðfesti vitnið nafnritun sína.

Vitnið Guðmunda Híramía Birgisdóttir, kt. 130271-3249, skýrði svo frá að umræddan dag laust eftir hádegi hefði hún ekið ákærða í bifreið sinni frá Torfufelli 33 hér í borg til Kópavogs. Þar hafi ákærði farið úr bifreiðinni við bílskúr ekki langt frá nýju sundlauginni. Kvaðst vitnið hafa spurt ákærða hvort hún ætti að sækja hann, en hann hafi sagt að þess þyrfti ekki, en beðið hana, ef hún færi beint heim, að hringja í dráttarbíl til að draga Lancerbifreiðina í bílastæði við Torfufell 33. Þar sem vitnið hafi ekki farið rակleidis heim hafi hún ekki pantað dráttarbíl, en þegar hún kom heim hafi umrædd Lancerbifreið verið þarna á stæðinu en enginn í henni. Kvaðst vitnið því ekki hafa séð ákærða aka framangreindri bifreið. Þá kvað hún ákærða ekki hafa verið ölvadan þegar hún ók honum í Kópavog.

Niðurstaða.

Svo sem að framan greinir viðurkenndi ákærði hjá rannsóknardeild lög-
reglunnar í Reykjavík að hafa fimmtudagskvöldið 25. mars sl. ekið óskráðri Lancerbifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Kópavogi að Torfufelli 33, Reykjavík. Jafnframt viðurkenndi hann við þessa sömu yfirheyrslu að hafa nokkrum dögum áður fest skráningamerkin SE-505 á framangreinda bifreið.

Vitnið Rúnar Sigurðsson hefur staðfest að ákærði hafi skýrt frá mála-
vöxtum í sjálfstæðri og greinargóðri frásögn. Þá hefur vitnið Júlíus Jens Ármann staðfest að hafa verið vottur að nafnritun ákærða undir skýrsluna, en hann hafi verið kvaddur til þegar komið var að því að ákærði undirritaði skýrsluna. Samkvæmt 2. mgr. 72. gr. laga nr. 19/1991 skal rannsóknari við yfirheyrslur hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur. Í tilviki því, sem hér um ræðir, var ekki staðið þannig að málum, heldur vottur kvaddur til, þegar skýrslan hafði verið tekin og komið var að undirritun hennar. Þrátt fyrir þetta verklag þykir skýrslutaka sú, sem að framan greinir, uppfylla nægjanlega skilyrði hinnar tilvitnuðu lagagreinar. Telur dómurinn samkvæmt framansögðu og þegar höfð er hliðsjón af framburði vitnanna Rúnars Sigurðssonar og Júlíusar Jens Ármann, að fram sé komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í III. kafla ákæru. Varðar háttsemi ákærða við 157. gr. almennra

hegningarlaga, 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga. Hefur ákærði með framanlýstri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 157. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var málum á hendur honum tvívegis lokið með dómsáttum á árinu 1986, í bæði skiptin fyrir ölvunarakstur, en í fyrra tilvikinu einnig fyrir nytjatöku. Var hann vegna þessara mála einnig sviptur ökuréttindum, samtals í 18 mánuði. Frá 1. desember 1986 til 9. janúar 1992 hefur ákærði hlotið alls 12 dóma, þar af 4 hegningarauka, einkum fyrir ölvunar- og sviptingarastur, en einnig fyrir brot gegn 157. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Brot þau, sem lýst er í 1. og 2. lið I. kafla ákæru, eru framin, áður en síðastnefndur dómur gekk. Ber, að því er þau brot varðar, að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Einnig ber við refsí-ákvörðunina að hafa hliðsjón af 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu og þegar litið er til sakaferils hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökurétti. Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt og ber að árétta ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 45.000 krónur. Sakarkostnaður vegna komu Þórhalls Árnasonar lögreglumanns fyrir dóm greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Jóhannesson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur. Sakarkostnaður vegna komu Þórhalls Árnasonar fyrir dóm greiðist úr ríkissjóði.